**Bæjarráð Reykjanesbæjar**
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 4. október 2022
*Mál nr. 2020021548*

**Efni:** Stýrihópur Barnvæns sveitarfélags. Val á bæjarfulltrúum í stýrihóp.

Í ljósi þess að stöðugildi verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags verður lagt niður um næstkomandi áramót, vegna tímaskorts núverandi fulltrúa í stýrihóp og vegna sveitarstjórnarkosninga sl. vor þarf að skipa í nýjan stýrihóp og þannig tryggja að innleiðing Barnasáttmálans haldi áfram. Mikilvægt er að stýrihópurinn sé skipaður fulltrúum sem brenna fyrir málefnum og réttindum barna og hafa tíma og svigrúm til að vinna áfram að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

UNICEF á Íslandi gerir kröfu um að í stýrihópnum séu a.m.k. tveir bæjarfulltrúar, einn úr minnihluta og einn úr meirihluta. Þess er farið á leit við bæjarráð að skipaðir verðir tveir bæjarfulltrúar til samræmis við kröfur UNICEF fyrir lok október 2022.

Hjörtur Magni Sigurðsson
Verkefnastjóri Barnvæns sveitarfélags